

BORGARRÁÐ 18. febrúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um framlengingu úrræðis um tímabundna breytingu á innheimtureglum - R20030221

Reykjavíkurborg kynnti fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum vegna COVID-19 í mars 2020, þar sem tímabundnar breytingar á innheimtureglum voru m.a. boðaðar. Gildistími reglnanna var til 31. desember 2020, þar var m.a. hægt að óska eftir að lengja eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna á gildistíma reglnanna. Einnig var hægt að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar, Momentum. Í svarbréfi fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn Sósíalistasflokks Íslands, dagsett 1. febrúar 2021 kemur fram að 12 aðilar hafi nýtt sér það að lengja í eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna og lengt í alls 27 kröfum. Þessar kröfur tengjast öllum sviðum borgarinnar. 36 aðilar hafa nýtt sér greiðsludreifingu til allt að 6 mánaða, í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar, Momentum. Þær kröfur voru útgefnar af skóla- og frístundsviði. Lagt er til að þetta úrræði verði framlengt, þ.e.a.s. að einstaklingar geti óskað eftir greiðsludreifingu og lengingu í eindaga, í samræmi við breytingar á innheimtureglum sem voru samþykktar í apríl 2020.

Greinargerð:

Sósíalistar eru á móti því að skuldir borgarbúa endi á borði innheimtufyrirtækja sem hagnast á vanskilum og skuldavanda þeirra sem búa við fátækt og hafa áður lagt fram tillögur um að færa verklagið aftur inn á borð borgarinnar. Í apríl 2020 voru kynntar tímabundar breytingar á innheimtureglum vegna efnahagslega afleiðinga af covid-19 þar sem einstaklingum og fyrirtækjum var gefinn sveigjanleiki á greiðslu gjalda og reikninga. Hér er lagt til að það fyrirkomulag verði framlengt, þar sem margir eru í erfiðri efnahagslegri stöðu nú. Fulltrúi sósíalista ítrekar þó mikilvægi þess að endurskoða þurfi samskipti borgarinnar við innheimtufyrirtæki þar sem slík fyrirtæki eigi ekki að eiga við skuldir fólks í viðkvæmri efnahagslegri stöðu. Þá eru frestanir ekki endilega það besta sem fólk þarf á að halda nú. Einstaklingur í erfiðri efnahagslegri stöðu á ekki endilega meira fjármagn í framtíðinni og nauðsynlegt að koma til móts við stöðu fólks hverju sinni.